

ÞJÓNUSTUSAMNINGUR

Verkkaupi, félagsmálaráðuneytið, kt. 540169-4119, í samningi þessum nefnt ráðuneyti, og Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, málefni fatlaðra (SSNV, málefni fatlaðra, áður Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra), kt. 541292-2419, í samningi þessum nefnd verksali, gera með sér eftirfarandi þjónustusamning. Með samningnum ákveða félagsmálaráðuneytið og Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, málefni fatlaðra að halda áfram því samstarfi sem hófst í mars 1999 með undirritun samnings um þjónustu við fatlaða, en síðasti samningur gildir til 31. desember 2006.

I. KAFLI INNTAK, MARKMIÐ, VERKEFNI OG VERKLAG

1. gr.

Tilgangur samnings og starfssvæði

Verksali tekur að sér að veita fötluðum börnum og fullorðnum á starfssvæði sínu þá þjónustu sem er á vegum ríkisins samkvæmt lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðra, sbr. heimild í 13. gr. sömu laga og 30. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins gegn greiðslu sem kveðið er á um í 9. gr. samnings þessa.

Starfssvæði verksala skiptist í fjögur þjónustusvæði er ná til allra sveitarfélaga í Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Þjónustusvæðin eru: Vestur-Húnavatnssýsla, Austur-Húnavatnssýsla Skagafjarðarsýsla og Siglufjörður. Í Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra eru eftirtalin sveitarfélög: Akrahreppur, Blönduósþær, Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur, Höfðahreppur, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður og Fjallabyggð vegna Siglufjarðar.

Stjórn verksala getur falið einstökum sveitarfélögum eða byggðasamlögum sveitarfélaga að annast þjónustu við fatlaða í sínu umboði samkvæmt samkomulagi við aðila og með samþykki ráðuneytis, enda fari þjónusta þeirra að öllu leyti eftir ákvæðum þessa samnings.

Með samningi þessum eru verksala tryggð fjárframlög til verksins samkvæmt 9. gr., enda fullnægi hann þeim kröfum sem gerðar eru til þjónustunnar samkvæmt ákvæðum samningsins.

Samningurinn tekur ekki til þjónustu sem önnur ráðuneyti eiga að veita fötluðum. Hann tekur heldur ekki til þeirrar almennu þjónustu sem sveitarfélög veita fötluðum með sama hætti og öðrum íbúum og falla þar að leiðandi ekki undir lög um málefni fatlaðra, nr. 59/1992. Hlutverk Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins gagnvart íbúum svæðisins, sbr. lög nr. 83/2003, helst óbreytt. Hlutverk svæðisráðs og trúnaðarmanns fatlaðra, sbr. XV. kafla laga um málefni fatlaðra, helst sömuleiðis óbreytt.

2. gr.

Inntak samningsins

Samningurinn skiptist í meginmál og fylgiskjöl sem teljast hluti hans. Í fyrsta kafla er fjallað um tilgang samningsins og það starfssvæði sem hann tekur til (1. gr.). Þá er gerð grein fyrir framtíðarsýn, grundvallarsjónarmiðum og markmiðum sem fram koma í drögum að stefnu ráðuneytisins í málefnum þeirra sem búa við fötlun (3. gr.). Verksali hefur kynnt sér þá stefnu ráðuneytisins og lýsir sig reiðubúinn með samningi þessum að taka mið af og fylgja við framkvæmd samningsins. Næst eru tilgreind þau verkefni sem verksali tekur að sér (4. gr.) og í framhaldi af því fjallað um verklag sem skal viðhaft (5. - 8. gr.). Annar kafla lýtur að fjármálum (9. gr.), húseignum og búnaði (10. gr.), eftirliti ráðuneytisins (11. gr.) og starfsmannamálum (12.

gr.). Þriðji og síðasti kafllinn fjallar um vanefndir (13. gr.), meðferð ágreiningsmála (14. gr.), gildistíma og forsendur endurskoðunar (15. gr.) og frumrit og staðfestingu (16. gr.).

3. gr.

Framtíðarsýn, grundvallarsjónarmið og markmið

Meginmarkmið samningsins er að samþætta þjónustu við fötluð börn og fullorðna í heimabyggð og fella hana sem framast er unnt að starfsemi annarra þjónustuaðila, færa þjónustuna nær notendum og auðvelda þannig aðgang að henni. Það er gert með meiri skilvirkni, betri nýtingu fjármuna og aukin þjónustugæði að leiðarljósi.

Þjónustan skal, eftir því sem við á (sbr. 4. gr.), veitt í samræmi við lög nr. 59/1992 um málefni fatlaðra. Verksali hefur kynnt sér fyrirbyggjandi drög frá nóvember 2006 að stefnu um málefni fatlaðra barna og fullorðinna sem mótuð hefur verið af ráðuneytinu í samstarfi við hagsmunasamtök þeirra og lýsir sig reiðubúinn með samningi þessum að taka mið af og fylgja við framkvæmd samningsins. Grunnþættir stefnunnar felast í almennri framtíðarsýn í málaflokknum og þeim grundvallarsjónarmiðum sem markmið þjónustunnar byggja á og fara hér á eftir:

Framtíðarsýn:

Þeir sem búa við fötlun eigi, jafnt og aðrir, kost á stuðningi til sjálfstæðis og lífsgæða sem stuðla að því að þeir fái notið sín sem fullgildir þegnar samfélagsins á forsendum eigin getu og styrkleika og njóti virðingar. Því verði jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi leiðarljósi allra aðgerða samfélagsins gagnvart fötluðum börnum og fullorðnum.

Grundvallarsjónarmið:

1. Fötlun felst ekki einungis í skerðingu á færni einstaklings heldur einnig í þeim félagslegu og efnislegu hindrunum sem hann verður fyrir hvað varðar aðgengi, tækifæri til menntunar, atvinnu, búsetu, viðhorf gagnvart sér, aðgangs að upplýsingum og þátttöku í samfélaginu að öðru leyti.
2. Jöfnun hlutskiptis felur í sér að samfélagið býður þeim sem búa við skerta færni stuðning til þess að draga úr eða jafna afleiðingar skerðingarinnar. Með því er leitast við að tryggja jafnrétti og lífskjör og skapa skilyrði til eðlilegs og verðugs lífs.
3. Málefni fatlaðs fólks varða öll svið þjóðlífsins, jafnt menntamál, atvinnumál, fjármál, samgöngumál, dóms- og kirkjumál, sem húsnæðismál, heilbrigðis- og tryggingamál, umhverfismál o.s.frv. Ábyrgðin á jafnrétti, jafnræði og aðgengi fatlaðs fólks hvílir því hvarvetna sem teknar eru ákvarðanir um umgjörð og innviði samfélagsins, hvort sem er af félagslegum eða fjárhagslegum toga.
4. Fagleg þekking og gæðastarf sé í fyrirrúmi í þjónustu við þá sem búa við fötlun. Þjónustan sé einstaklingsmiðuð, byggð á heildstæðri og sveigjanlegri þarfagreiningu í samráði við notendur á hverjum tíma. Gæðum þjónustunnar og viðhorfum notenda til hennar verði fylgt eftir með reglubundnum hætti. Með því móti sé fylgst með því að settum markmiðum sé náð og traust skapað milli stjórnenda, starfsfólks, notenda og aðstandenda þeirra.
5. Réttindagæsla til handa fötluðum börnum og fullorðnum tryggi rétt þeirra til þjónustu sem og sjálfsákvörðunarrétt fullorðinna. Fatlað fólk eigi þess kost að kalla til sérstakan trúnaðarmann sé þess óskað í tilteknum málum. Lítið sé á hlutverk hans sem samfélagslega þjónustu.

Við framkvæmd þjónustunnar skal náð markmiðum sem ráðuneytið hefur sett í samstarfi við hagsmunasamtök þeirra sem búa við fötlun og aðstandenda þeirra og er að finna í drögum að stefnu þess í málaflokknum. Markmiðin ná til í eftirfarandi átta málsviða og verði þeim fylgt eftir því sem við á:

1. Þjónusta við börn 0-17 ára og fjölskyldur þeirra.
2. Þjónusta vegna búsetu.
3. Þjónusta vegna atvinnu og hæfingar.

4. Stoðþjónusta við 18 ára og eldri.
5. Staða og áhrif notenda.
6. Mótun viðhorfa og almannatengsl.
7. Gæðastarf.
8. Þekkingarauður – mann- og skipulagsauður.

4. gr.

Verkefni

Verksali tekur að sér framkvæmd verkefna samkvæmt lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðra á starfssvæði sínu. Hann tekur þannig að sér verkefni sem svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á svæðinu hefði að öðrum kosti annast gagnvart íbúum áðurnefndra sveitarfélaga, sbr. 1.-10. tölulið 12. gr. laga um málefni fatlaðra og reglugerð um svæðisskrifstofur málefna fatlaðra nr. 273/1993. Hann skal veita þjónustuna í samræmi við ákvæði laga um málefni fatlaðra, önnur stjórnvaldsfyrirmæli er varða þann málaflokk og samþykkt um þjónustu verksala. Þá skal veiting þjónustu verksala að auki taka mið af ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Þetta felur í sér að verksali tekur meðal annars að sér að veita fötluðum börnum og fullorðnum eftirtalda þjónustu:

1. Ráðgjöf, aðstoð og styrki, sbr. 10. tölulið 12. gr., 20., 27., 28. og 29. gr. laganna.
2. Tímabundna dvöl hjá stuðningsfjölskyldum, sbr. 21. gr., og í skammtímavistun, sbr. 22. gr. laganna.
3. Dagþjónustu, sbr. 1.-3. tölulið 9. gr., 26. og 30. gr. laganna.
4. Frekari liðveislu, sbr. 25. gr., og annan stuðning við sjálfstæða búsetu, sbr. 33. gr. laganna.
5. Búsetu á sambýli, sbr. 10. gr. laganna og reglugerð um búsetu fatlaðra nr. 296/2002.
6. Þjónustu vegna atvinnu og hæfingar, sbr. XI. og XII. kafla laganna og reglugerð um atvinnumál fatlaðra nr. 376/1996. Breytingar á þeim þætti þjónustunnar verði í samræmi við lög um vinnumarkaðsaðgerðir sem samþykkt voru á Alþingi 3. júní 2006.

Fatlað fólk og aðstandendur þess skulu eiga kost á þjónustu í samræmi við mat á þörf fyrir þjónustu, sbr. 11. gr. laga um málefni fatlaðra. Nánari lýsingu á þjónustu samkvæmt samningnum ásamt viðmiðum um lágmarksþjónustustig er að finna í fylgiskjali 1.

Yfirlit yfir núverandi þjónustu og þjónustustofnanir fyrir fatlaða á starfssvæði verksala er að finna í fylgiskjali 2. Verksala er heimilt að fengnu samþykki ráðuneytis að breyta rekstrartilhögun og fyrirkomulagi ofangreindrar starfsemi á starfssvæðinu enda samræmist slíkt markmiðum samningsins.

5. gr.

Notendagrunnur

Ráðuneytið leggur áherslu á að traustar og glöggar upplýsingar liggi fyrir á hverjum tíma um þarfir þeirra sem þarfnast þjónustu, hvort sem er um félagslega þjónustu, þjálfun eða meðferð. Til þess verði notaðar eftirtaldar aðferðir:

1. Þverfagleg greining á færni notanda sem byggir jafnt á stöðluðu mati, klínískum athugunum sem upplýsingum frá aðstandendum (á einkum við um börn og ungmenni með þroskaraskanir eða fatlanir).
2. Upplýsingar frá notandanum sjálfum eftir því sem við verður komið og aðstandendum hans.
3. Staðlað matskerfi (sbr. 6. gr.).

Á árunum 2007-2008 er gert ráð fyrir því að þarfir notenda fyrir þjónustu verði metnar. Hér er bæði átt við þarfir þeirra er þegar njóta þjónustu og nýrra notenda. Framkvæmd matsins verður á ábyrgð ráðuneytisins en unnið í samráði við Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og notendur

þjónustunnar. Þær verði færðar í rafrænan notendagrunn sem ráðuneytið leggur verksala til. Með því móti verði til samræmdar upplýsingar um þjónustubarfir notenda. Hvað börn varðar skulu liggja fyrir þarfir fyrir skammtímaþjónustu, stuðningsfjölskyldur, viðeigandi ráðgjöf, þjálfunaráætlanir, eftirfylgd, endurmat og önnur stuðningsúræði. Um fullorðna skal liggja fyrir mat á þörfum fyrir stuðning til búsetu og atvinnu, auk stoðþjónustu af öðru tagi. Notendagrunnurinn verði notaður jafnt til þess að meta þarfir einstaklinga sem til almennra starfsáætlana.

6. gr.

Þjónustumat

Ráðuneytið mun nota íslenska þýðingu á bandaríska matskerfinu Supports Intensity Scale (SIS) frá AAMR¹ til þess að leiða í ljós þjónustubarfir fatlaðs fólks, bæði hvers konar þjónustu er þörf og í hve miklum mæli. Verksali veitir nauðsynlegar upplýsingar í því skyni og færir niðurstöður matsins í notendagrunninn, sbr. 5. gr. Lögð er áhersla á sameiginlega niðurstöðu veitanda og notanda þjónustunnar.

7. gr.

Gæðahandbók

Á samningstímanum leggur ráðuneytið verksala til gæðahandbók um framkvæmd þjónustu samkvæmt samningi þessum. Handbókin innihaldi skýra og skipulega skráningu á gæðakerfi þeirrar starfsemi sem fram fer, þ.e. stefnu í gæðamálum, áætlanir, verklagsreglur og vinnuleiðbeiningar. Með notkun bókarinnar verði aðgerðir allra starfsmanna samhæfðar samkvæmt þeim stefnumiðum, markmiðum, áætlunum og reglum sem hún innifelur. Þannig verði unnið eftir fyrirfram ákveðnum verkferlum til þess að skýra ábyrgð, tryggja öruggar ákvarðanir, koma í veg fyrir mistök og vinna að þróun og umbótum á því verklagi sem beitt er.

8. gr.

Mat á árangri

Verksali skal meta árangur í starfsemi sinni reglulega samkvæmt mælitækjum og kvörðum sem hafa verið þróaðir af ráðuneytinu í samstarfi við verksala og aðra hagsmunaaðila.

Gæði stjórnskipulags skal meta reglulega með EFQM sjálfsmatslíkaninu² eða öðru matskerfi sem ráðuneytið telur sambærilegt. Ráðuneytið lætur verksala í té sjálfsmatslíkan sérsniðið að þjónustu við fatlaða ásamt leiðbeiningum um framkvæmd matsins.

Á samningstímanum er stefnt að því að þjónustugæðin séu metin með reglulegum hætti á grundvelli Servqual-matsins³ eða annars mats sem ráðuneytið telur sambærilegt. Ráðuneytið lætur verksala í té leiðbeiningar og form við framkvæmd matsins.

Í september/október ár hvert setur verksali fram staðbundin stefnumið, þ.e. eigin stefnu á komandi ári. Þar sé lýst meginmarkmiðum á starfssvæðinu, starfsmarkmiðum og leiðum að þeim markmiðum. Það felur í sér starfsáætlun fyrir árið. Þessi stefnumið taki mið af drögum að stefnu ráðuneytisins í málefnum þeirra sem búa við fötlun sem og þeim málefnum sem félagsmálaráðherra leggur áherslu á fyrir hvert ár. Þau verða kynnt með leiðbeiningum ráðuneytisins ellegar starfsdegi sem verksali tekur þátt í. Hin staðbundnu stefnumið tilgreini nánar hvaða verkefni og forgangsmál þykir rétt að hafa í

¹ American Association on Mental Retardation.

² European Foundation for Quality Management – EFQM-Buisness Excellence model.

³ Model for Service quality - Parasuraman, A., Zeithaml, V., & Berry, L. (1988) SERVQUAL: A multiple-item scale for measuring consumer perceptions of service quality. *Journal of Retailing*, 64(1), 12-40.

fyrirrími á starfssvæðinu. Í lok hvers árs fari verksali og ráðuneytið yfir framvindu verkefna ársins og gaumgæfi þannig hvernig til hefur tekist.

II. KAFLI FJÁRMÁL, HÚSEIGNIR OG BÚNAÐUR, EFTIRLIT OG STARFSMANNAMÁL

9. gr. Fjármál

1. Greiðslur fyrir umsamin verkefni samkvæmt samningi þessum skiptast í greiðslur vegna þjónustu við fötluð börn og fullorðna og föst framlög frá Framkvæmdasjóði fatlaðra. Ráðuneytið mun leggja til að veitt verði fé á fjárlögum samkvæmt ákvæðum samningsins. Fjárhæðir sem tilgreindar eru í samningnum fela í sér allar fjárhagslegar skuldbindingar ríkisins á samningstímanum.
2. Greiðslur fyrir þjónustu við fötluð börn og fullorðna eru vegna alls rekstrarkostnaðar sem ekki er greiddur í samræmi við ákvæði 3. töluliðar þessarar greinar. Í fylgiskjali 3 er gerð grein fyrir forsendum og útreikningi greiðslna. Miðað er við að greiðslur vegna þjónustunnar verði sem hér segir í þús. kr. á verðlagi ársins 2007:

Ár	<u>2007</u>	<u>2008</u>	<u>2009</u>	<u>2010</u>	<u>2011</u>	<u>2012</u>
Greiðslur	306.900	325.300	325.300	325.300	325.300	325.300

Árlegt framlag ríkissjóðs skal greitt með 12 jöfnum greiðslum fyrsta virka dag hvers mánaðar á gildistíma samningsins.

Innifalið í þessari fjárhæð eru greiðslur vegna styrkja til verkfæra- og tækjakaupa og námskostnaðar, sbr. 27. gr. laga um málefni fatlaðra.

3. Framlög úr Framkvæmdasjóði fatlaðra eru til endurnýjunar á búnaði heimila og þjónustustofnana, sbr. ákvæði 40. gr laga um málefni fatlaðra. Framlög þessi skiptast sem hér segir (í þús. kr.)

Ár:	<u>2007</u>	<u>2008</u>	<u>2009</u>	<u>2010</u>	<u>2011</u>	<u>2012</u>
Greiðslur	4.000	4.000	4.000	4.000	4.000	4.000

Föst framlög Framkvæmdasjóðs fatlaðra greiðast fyrsta virkan dag í júní ár hvert.

4. Í fylgiskjali 3 eru samningsfjárhæðir samkvæmt ákvæðum 2. og 3. töluliðar þessarar greinar sundurliðaðar eftir áætlun um skiptingu á tegundir gjalda og viðfangsefni.
5. Fjárhæð samkvæmt ákvæði 2. töluliðar þessarar greinar er sett fram miðað við verðlagsforsendur fjárlaga fyrir árið 2007. Frá árinu 2008 skulu þessar fjárhæðir breytast árlega í upphafi hvers árs í samræmi við launa- og verðlagsforsendur sem liggja til grundvallar fjárveitingum til svæðisskrifstofa málefna fatlaðra í fjárlögum hvers árs. Á sama hátt er ráðuneytinu heimilt að gera sömu kröfu um hagræðingu í rekstri verksala og hjá svæðisskrifstofum komi fram krafa um slíkt við gerð fjárlaga. Af heildarframlagi ríkisins samkvæmt samningnum teljast 94% vegna launakostnaðar og 6% vegna annars kostnaðar. Framlag ríkisins vegna annars kostnaðar en launa skal breytast samkvæmt forsendum fjárlaga um almennar verðlagsbreytingar á sama kostnaði og hjá svæðisskrifstofum málefna fatlaðra. Fari fram endurmat á launa- og verðlagsforsendum

fjárveitinga til svæðisskrifstofa málefna fatlaðra innan ársins skal endurskoða framlag til verksala með sama hætti.

6. Verksala er heimilt að innheimta húsaleigu af íbúum sambyla. Húsaleiga á sambylum skal vera í samræmi við 4. gr. reglugerðar um búsetu fatlaðra nr. 296/2002. Húsaleiga í leiguíbúðum sem leigðar eru fötluðu fólki og byggðar hafa verið með lánum frá Íbúðalánasjóði og með styrk úr Framkvæmdasjóði fatlaðra skal vera í samræmi við reglur Íbúðalánasjóðs um útreikning húsaleigu, sbr. ákvæði reglugerðar um lánveitingar til leiguíbúða, ráðstöfun þeirra og rekstur, nr. 873/2001. Halda skal fjárreiðum vegna þessa aðgreindum í bókhaldi verksala. Verksala er á hinn bóginn ekki heimilt að innheimta gjald fyrir veitta þjónustu samkvæmt ákvæði 1.-5. töluliðar 2. mgr. 4. gr.
7. Til viðbótar ofangreindum greiðslum getur verksali sótt um framlög úr Framkvæmdasjóði fatlaðra vegna viðhalds fasteigna í eigu ríkissjóðs (Framkvæmdasjóðs fatlaðra), styrkja til framkvæmdaraðila leiguíbúða og breytinga á aðgengi. Umsóknir skulu berast stjórnarnefnd málefna fatlaðra eigi síðar en 15. nóvember ár hvert fyrir úthlutanir sem fram eiga að fara á næsta ári.
8. Á samningstímanum getur verksali einnig sótt um styrki til ráðuneytisins til þróunar í gæðastarfi. Farið verður yfir slíkar umsóknir í ráðuneytinu og þær metnar.

10. gr.

Húseignir og búnaður

Fyrir liggur yfirlit yfir húseignir, tæki og búnað sem verksali fær til afnota með samningi þessum. Óheimilt er að ráðstafa þessum eignum eða selja nema með samþykki ráðuneytis. Kostnaður af viðhaldi á búnaði og tækjum er innifalinn í samningsfjárhæðinni, sbr. ákvæði 2. töluliðar og 3. töluliðar 9. gr. Við undirritun samnings þessa liggur fyrir úttekt á ástandi þeirra húseigna sem verksali fær til afnota og eru í eigu Framkvæmdasjóðs fatlaðra (ríkissjóðs).

Verksali yfirtekur húsaleigusamninga sem ráðuneytið hefur gert á húsnaði sem nýtt er til þjónustu við fatlaða. Um viðhald þeirra eigna fer samkvæmt leigusamningi.

Hætti verksali þjónustu við fatlaða skal húseignum skilað. Búnaði skal einnig skilað eða andvirði hans endurgreitt. Við endurgreiðslu skal miða við kaupverð eða stofnverð uppfært samkvæmt vísitölu neysluverðs að frádregnum fyrningum. Sama gildir um tæki og búnað sem kunna að verða keypt fyrir fjárframlög samkvæmt samningnum.

11. gr.

Eftirlit ráðuneytis

Verksali skal fyrir 1. apríl ár hvert skila ráðuneytinu og svæðisráði málefna fatlaðra á Norðurlandi vestra, Ríkisbókhaldi og Ríkisendurskoðun ársreikningi og sérstakri skýrslu um starfsemi liðins árs. Í fylgiskjali 4 eru tilgreindar þær upplýsingar sem birtar skulu í skýrslunni.

Verksali skal reglulega veita ráðuneytinu upplýsingar um árangur í starfseminni á grundvelli mælikvarða, sbr. 1. mgr. 8. gr., sjálfsmats, sbr. 2. mgr. 8. gr., og mats á þjónustugæðum, sbr. 3. mgr. 8. gr. Vísað er í fylgiskjal 5 um mælikvarða, tímasetningar og framkvæmd mats.

Fram fari eigindleg könnun á gæðum þjónustunnar tvisvar sinnum á samningstímabilinu að frumkvæði og á vegum ráðuneytisins.

Ráðuneytið mun fara yfir niðurstöður þess mats á árangri og gæðum sem að ofan greinir og veita verksala upplýsingar um hvað vel sé gert, hvað betur megi fara og þá hvernig.

Kostnaður við framkvæmd þessa samnings skal aðgreindur frá kostnaði annarra rekstrarþátta sem verksali kann að annast samkvæmt leiðbeiningum ráðuneytisins.

Verkefni samkvæmt samningi þessum eru háð eftirliti Ríkisendurskoðunar, sbr. lög nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun. Ríkisendurskoðun getur kallað eftir gögnum frá verksala er stofnunin telur þurfa við endurskoðun á samningnum.

Svæðisráð málefna fatlaðra á Norðurlandi vestra skal í samræmi við 6. gr. laga um málefni fatlaðra hafa eftirlit með því að þjónusta, starfsemi og rekstur heimila og stofnana verksala sé í samræmi við lögina og 5. gr. reglugerðar um svæðisráð málefna fatlaðra, nr. 606/1998.

12. gr. Starfsmannamál

Á samningstímanum teljast þeir starfsmenn, sem taldir eru upp í fylgiskjali 6, vera í þjónustu verksala. Hann öðlast með samningi þessum verkstjórnarrétt gagnvart þeim, sbr. bráðabirgðaákvæði IV. í lögum um málefni fatlaðra, og fer með boðvald og aðrar þær valdheimildir sem forstöðumenn fara með samkvæmt lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Verksala er heimilt að gera breytingu á störfum starfsmanns í samræmi við 19. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Tilkynna skal starfsmönnum hver sé í fyrirsvari gagnvart þeim og fari með vald til að taka ákvarðanir um réttindi þeirra og skyldur. Engin formbreyting verður á ráðningarsamningum starfsmanna á þessu tímabili og réttindi þeirra og skyldur haldast óbreytt. Sama á við um stéttarfélagsaðild þeirra. Starfsmenn taka laun samkvæmt kjarasamningum ríkisins við viðkomandi stéttarfélag eins og nú er og greiða gjöld til sömu stéttarféлага og lífeyrissjóða.

Starfsmenn sem ekki eru taldir upp í fylgiskjali 6 svo og nýir starfsmenn sem ráðnir verða til verkefna er samningurinn tekur til eru ráðnir af verksala. Af því leiðir að hann fer með allar stjórnunarheimildir gagnvart þeim. Nýir starfsmenn verða ekki ríkisstarfsmenn.

Starfsmenn sem verksali ræður til starfa skulu að jafnaði hafa menntun sem nýtist í starfi þeirra, t.d. menntun þroskaþjálfara, iðjuþjálfara eða félagsliða, ellegar reynslu sem nýtist við störf að málefnum fatlaðra. Fjöldi starfsmanna á heimilum og þjónustustofnunum skal ráðast af mati verksala á þörf fatlaðra fyrir þjónustu.

Starfsmönnum verksala ber að gæta þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd samningsins og leynt skulu fara samkvæmt lögum. Verksali skuldbindur sig til að tryggja undirritun starfsmanna sinna á heit um þagnarskyldu. Ráði verksali undirverktaka til starfa er verksali skuldbundinn til og ábyrgur fyrir því að tryggja undirritun undirverktakans á sams konar heit og tryggja þar með þagnarskyldu hans.

Verksali mun sjá um afgreiðslu launa til starfsmanna og standa skil á lögbundnum greiðslum, lífeyrissjóðsgreiðslum og iðgjöldum til stéttarféлага.

Breytingar á launum starfsmanna ríkisins skulu vera innan ramma launabreytinga í kjarasamningum Starfsmannafélags ríkisstofnana. Hækkun heildarlauna skal að jafnaði ekki vera meiri en sem samsvarar hækkun á greiðslum vegna kjarasamninga, sbr. ákvæði 5. töluliðar 9. gr.

Telji verksali þörf á að leggja niður störf ríkisstarfsmanna eða segja upp ríkisstarfsmönnum á samningstímanum skal það leita fyrirfram skriflegrar heimildar hjá ráðuneytinu.

Verksali ber ábyrgð á bótaskyldu tjóni sem starfsmenn valda í störfum sínum á gildistíma samningsins.

III. KAFLI VANEFNDIR, MEÐFERÐ ÁGREININGS, GILDISTÍMI OG ENDURSKOÐUN

13. gr. Vanefndir

Sýni ráðuneytið fram á að verksali uppfylli ekki skyldur sínar samkvæmt samningnum getur það birt honum skriflega kröfugerð og krafist tafarlausra útbóta og sett hæfilegan tímafrest.

Hafi verksali ekki bætt úr annmörkum samningsins samkvæmt kröfugerð innan tímafrestsins hefur ráðuneytið heimild til að fresta greiðslum samkvæmt ákvæði 2. töluliðar 9. gr. þar til úrbætur hafa sannanlega verið gerðar. Verksali á ekki rétt á dráttarvöxtum þótt greiðslum sé frestað samkvæmt þessari grein.

Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda eftir því sem við á um vanefndir ráðuneytisins gagnvart verksala.

14. gr. Meðferð ágreiningsmála

Rísi ágreiningur um túlkun og framkvæmd á samningi þessum skal honum vísað til þriggja manna sáttanefndar. Tilnefnir ráðuneytið einn, verksali einn og oddamaður sem jafnframt er formaður skal tilnefndur af Héraðsdómi Norðurlands vestra.

Kostnaður við starf sáttanefndar skiptist jafnt milli samningsaðila.

Uni annar hvor samningsaðili ekki niðurstöðu sáttanefndar er honum heimilt að bera ágreininginn undir Héraðsdóm Norðurlands vestra.

15. gr. Gildistími og endurskoðunarákvæði

Samningur þessi tekur gildi 1. janúar 2007 og gildir til 31. desember 2012.

Aðilar eru sammála um mögulega endurnýjun samningsins að loknum samningstíma. Liggi á hinn bóginn ljóst fyrir af hálfu annars hvors samningsaðila að vilji sé ekki fyrir hendi til endurnýjunar samnings skal sú afstaða viðkomandi samningsaðila tilkynnt gagnaðila eigi síðar en 1. júní 2011. Við samningslok skal ráðuneyti gera sérstaka úttekt á framkvæmd samningsins á grundvelli upplýsinga skv. 5.-8. gr. samnings þessa og meta skal hvernig til hafi tekist á samningstímanum. Sú úttekt skal liggja fyrir áður en þjónustusamningur er endurnýjaður eða framlengdur. Á grundvelli þeirrar úttektar er tekin ákvörðun um framhald rekstrarverkefnis, sbr. 17. gr. reglugerðar um samninga um rekstrarverkefni sem ráðuneyti og ríkisstofnanir gera til lengri tíma en eins árs, nr. 343/2006.

Samningurinn er uppsegjanlegur af beggja hálfu með tólf mánaða fyrirvara. Uppsögn skal vera skrifleg.

Samningsaðilar skulu endurskoða samninginn fyrir 15. mars ár hvert, í fyrsta sinn í mars 2007, með tilliti til óvæntra eða umfangsmikilla breytinga á þörf fyrir þjónustu á starfssvæði verksala, sbr. fylgiskjal 7.

Breytist forsendur samningsins verulega skal hann endurskoðaður. Breyttar forsendur teljast meðal annars:

1. Að Alþingi færi málefni fatlaðra yfir til sveitarfélaga með lagabreytingu á samningstímanum.
2. Að breytingar verði á ákvæðum laga um málefni fatlaðra um umfang og gæði þjónustu við fatlaða.
3. Að samningsaðilar geti af einhverjum ástæðum ekki staðið við skuldbindingar sínar og leiði það til verulegrar röskunar á þeirri þjónustu sem veitt er innan svæðisins.

16. gr.

Frumrit og staðfesting

Af samningi þessum skulu gerð þrjú samhljóða eintök og telst hvert þeirra fullgilt frumrit samningsins. Eitt eintak skal vera í vörslu ráðuneytis, eitt eintak í vörslu verksala og eitt eintak í vörslu fjármálaráðuneytis.

Löngumýri, dags. 19. desember 2006

félagsmálaráðherra

Formaður SSNV, málefni
fatlaðra

Samþykkur fyrir hönd ríkissjóðs

fjármálaráðherra